

Polir illa spariföt

Guðjón Þorsteinsson á starfsmaður hjá Íslandspósti er Vestfirðingur vikunnar að þessu sinni.

— sjá bls. 10



Tónlistarmaður og lífskúnnstner á Ísafirði

Eggert Einer Nielson er Vestur-Íslendingur sem fæddist í Reykjavík árið 1957. Hann flutti til Ameríku sjö árum síðar en móðir hans var íslensk og faðir hans danskur. Hann er kvæntur Michelle Lyn Nielson og eiga þau tvö börn. Þau eru nýflutt til Ísafjarðar en bjuggu áður í Súðavík þar sem þau hafa leigt út hús til ferðamanna á sumrin.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 15. ágúst 2013 · 32. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Túnpöku- skurður við Kaldá



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



- HAMRAD GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSÍÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1989
Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 · KÓPAVOGI · 54 54 300 · SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjölflegt.

EIMSKIP
eBOX

Fimmtíu ár frá fyrstu vertíðinni

„Það voru 50 ár síðan Guðrún Jónsdóttir ÍS fór á fyrstu vertíðina frá Ísafirði en það var í janúar 1963. Áhöfnin sem var á fyrstu vertíðinni hittist á föstudag, við fengum þá kaffi og tertu og höfðum það huggulegt. Það var gaman að spjalla saman eftir allan þennan tíma. Þetta gekk yfirleitt ágætlega, við vorum á línu og netum og síðan var farið á síld yfir sumarið. Ég hætti árið 1966, þá náði ég í annan bát sem heitir Júlíus Geirmundsson,“ segir Vignir

Jónsson, skipstjóri á Ísafirði sem var með bátinn þessa fyrstu vertíð.

Hann segir ánægjulegt hversu vel var mætt. Nokkrir úr áhöfninni eru látnir en þeir voru tólf skipsfélagar saman komnir í Neistahúsinu á Ísafirði á föstudag. Guðrún Jónsdóttir ÍS 267 kom á jóladag 1962 til heimahafnar á Ísafirði frá Flekkefjörð í Noregi þar sem hún var smíðuð. Hún var seld til Grindavíkur árið 1971 þar sem hún var gerð út í



Áhöfnin á Guðrúnu Jónsdóttur ÍS. Vignir er fyrir miðju.

fjölda ára. Báturinn var mikið lengst af Hafberg GK 377. Í dag er báturinn gerður út frá Húsavík

og heitir Hera ÞH-60.

– hordur@bb.is

Mikill flótti úr læknastrétt hér á landi vegna aðstöðumuns

„Það er engum blöðum um það að fletta að heilbrigðisþjónustan hefur átt undir högg að sækja undangengin ár. Ég er að koma heim núna eftir árs fjarveru og mér sýnist að það hafi molnað heilmikið undan henni. Heilbrigðisstarfsfólk vinnur við svolítið aðrar kringumstæður hér en annar staðar,“ segir Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en Sigurður Guðmundsson og Einar Stefánsson, læknar og prófessorar við

HÍ, sögu í aðsendri grein til Morgunblaðsins að heilbrigðiskerfið muni molna niður verði ekki gripið í taumana. Þar segir að þrátt fyrir úreltan tækjabúnað og húsnæði sé mesta áhætta heilbrigðiskerfisins fólgin í fólksflótta starfsfólks sem ekki unni sér að starfa hér á landi við núverandi aðstæður.

Þorsteinn segir að erfiðlega gangi að manna stöður við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, sérstaklega læknastrétt. „Það er

gríðarlegur flótti úr stéttinni, við höfum gott dæmi um það. Yfirlæknirinn á lyflæknisdeildinni, Helgi Kristinn Sigmundsson, sem hefur starfað hér í nú árið, var að flytja til Ameríku. Mér skilst að slík dæmi séu víða, að menn séu að flytja erlendis út af aðstöðumun.

„Það eru eldri læknar sem fara út en yngri læknar sem ekki koma aftur heim. Einn af styrkleikum íslenska heilbrigðiskerfisins hefur verið að læknar hafa farið

og aflað sér sérfræðipækningar erlendis eftir tvö til fjögur ár í starfi og komið svo aftur. Það gerði það að verkum að heilbrigðiskerfið var líklega á topp tíu listanum yfir bestu heilbrigðiskerfin í heiminum. Ungu fólkið með kunnáttuna sækist ekki lengur í að koma heim og þeir sem hafa verið hér í einhvern tíma, og eru með reynslu og þekkingu, flytja jafnvel af landi brott,“ segir Þorsteinn.


– hordur@bb.is



Alfreð ráðinn framkvæmdastjóri

„Ég hef á tilfinningunni að maður taki við góðum rekstri og maður breytir ekki hlutum sem eru í lagi. Það er mín sýn á þetta. Verkefnastaða fyrirtækisins er mjög góð og öflugir starfsmenn sem starfa þar. Það er grundvallaratriði þar sem starfsmennirnir eru hjarta fyrirtækisins,“ segir Alfreð Erlingsson á Ísafirði tekið hefur við sem framkvæmdastjóri Vestfirskra verktaka af Hermann Þorsteinssyni sem hætti nýverið og seldi hlut sinn í fyrirtækinu. Alfreð er einn af fjórum eigendum AV pípuhlagna sem sameinast Vestfirskum og starfar áfram sem pípuhlagnarþjónusta.

„Þetta leggst mjög vel í mig, ég get ekki sagt annað. Maður þekkir allfesta sem hjá fyrirtækinu starfa og maður hefur verið í kringum þessa stráka í gegnum árin. Það mun ekkert þvælast fyrir mér. Með nýjum mönnum koma nýjar áherslur eins og gengur. Ég hef fulla trú á að það verði ekkert annað en góðir tímar fram. Ég á eftir að kynna mér fyrirtækið innan frá svo það er ekki rétt að gefa út einhverjar stefnuýfirlýsingar,“ segir Alfreð.



Google bíllinn á Ísafirði

Google bíllinn var á Ísafirði í byrjun vikunnar til að mynda fyrir Street View þjónustu fyrirtækisins. Bíllinn ekur um með mynda-

vél á þakinu sem tekur 360 gráðu viðmyndir svo hægt verður að skoða götur bæjarins út frá sjónarhorni bílsins með þjónustunni. Ísa-

fjörður ætti að koma vel út á veraldarvefnum þar sem bærinn skartaði sínu fegursta fyrir myndatökuna og heiðskirt blíðskaparveður

sem mun einkenna Ísafjörð um ókomna tíð hjá forvitnum netverjum sem skoða bæinn með augum Google. hordur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 15. - 18. ágúst

samkaupurval.is

30%
afsláttur

verð áður 1.098 kr/kg

769 kr/kg

Kjúklingur, heill
frá Ísfugli

...sjá uppskrift

„Þorsksteikur
vafðar
pármaskinku”

Þorsk-
hnakkar

frosnir

25%
afsláttur

verð áður 1.998 kr/kg

1.499 kr/kg

25%
afsláttur

verð áður 3.998 kr/kg

2.999 kr/kg

Úrvals nautafilé með fitu
úr kjötborði eða pakkað ferskt

...sjá uppskrift

„Nautakjöts
KEBAB
á grillið”

samkaupurval.is

Góð
kaup!

verð áður 219 kr/stk

175 kr/stk

Úrvals nautaborgarar 120g
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Úrvals nauta
innralæri

úr kjötborði eða pakkað ferskt

26%
afsláttur

verð áður 3.498 kr/kg

2.589 kr/kg

50%
afsláttur

verð áður 275 kr/stk

138 kr/stk

Nýbakað á staðnum!
Sérþökuð vínarbrauð frá Myllunni

...sjá uppskrift

„Mangó- og
ananassalat með
kókosflögum og
myntu”

Mangó

50%
afsláttur

verð áður 659 kr/kg

330 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is og fáðu nýjustu tilboðin og uppskrift í tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfn bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Frumburðarréttur

„Ég hélt satt að segja að með því að berjast fyrir því að fá fyrrráð yfir okkar fiskveiðilögsögu væri vandinn leystur. En það er nú eitthvað annað, mér sýnist vandinn hafa aukist.“ Tilvísunin er upphaf leiðara BB í október 2002, höfð eftir Guðmundi heitnum Kjarnested, áreiðanlega þekktasta skiphera Landhelgisgæslunnar, sem tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum við Breta. Og hann bætti um betur: „Ég segi fyrir mig, að ég hefði ekki staðið í þessari baráttu öll þessi ár ef ég hefði getað ímyndað mér að staðan yrði svona nokkrum árm síðar.“ Engum dylst hvað við er átt.

Í tvo áratugi var þjóðinni talin trú um að kvótakerfið væri til verndar fiskistofnunum. Í aðdraganda kosninga 2003 var kúvent; því hafi verið komið á fót til bjargar útgerðinni, sem sögð var rjúkandi rúst. Linnulaust var klifað á að frjálst framsal aflaheimilda væri möndullinn, sem allt snerist um. Seinna lýsti sjálfur Halldór Ásgrímsson því yfir að „framsalið hafi verið ágalli, á kvótakerfinu, alla tíð“ og það „særði réttlætiskennd þjóðarinnar.“ (Það var aldrei ætlunin að braskað yrði með aflaheimildir og að menn færu með tugi, jafnvel hundruð milljóna, í vasanum, út úr kerfinu.) Í nóv. 2001 kvaðst Árni Mathiesen, þáv. sjávarútvegsráðherra, tilbúinn að skoða afnám leiguframsalsins og í janúar 2007 kvaðst Einar K. Guðfinnsson, þáv. sjávarútvegsráðherra, opinn fyrir að skoða málið.

„Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja“ eru fleyg orð Kristjáns Pálssonar, fyrrum alþingismanns, þegar svefnvana þingmenn björguðu bankakerfinu fyrir horn með því að heimila veðsetningu aflaheimilda. Efast einhver í dag um að Kristján hafi haft rétt fyrir sér? Síðar, með reiknistökk í hendi, var deilt um ágæti strandveiða. Klögumálin gengu á víxl. Sérhagsmunir stönguðust á. Er ekki nóg komið af axarsköfnum í kringum kvótakerfið?

Þegar þessar línur eru festar á blað liggur sjávarútvegsráðherra undir feldi yfir úthafsækjuveiðunum. Sýnt þykir að frelsinu, sem ríkt hefur, linni og grípa þurfi til silfurbakkans. Þá vakna spurningar: Eiga þeir einhvern rétt sem lögðu allt undir og stunduðu rækjuveiðar á tímum frjálssrar sóknar? Eða, eiga þeir réttinn, sem áður flögguðu veiðileyfi, en nýttu það ef til vill ekki nema að takmörkukðu leyti, sjálfir? Að mati lögfræðiskrifstofunnar Land lögmenn virðist málið opið á ýmsa vegu, með eða án nýrra lagasetningar; litlar líkur eru taldar á bótaskyldu ríkisins.

BB spyr: Ætlar átökunum um auðlindir sjávar aldrei að linna? Er ekki kominn tími til að skoða málið, að einhverju leyti, í ljósi þess sem í gegnum aldir hefur verið nefnt frumburðarréttur? Í sívaxandi efnishyggju, og alræði fjármagnsins á öllum sviðum, kæmi ekki á óvart þótt spurningin um frumburðarrétt, einstakra þjóðfélagsþópa, færi vaxandi; hann kann að vera þeirra eina vörn í stöðugt harðnandi heimi. s.h.

Spurning vikunnar

Ferðu til berja?

Alls svöruðu 368.

Já sögðu 268 eða 73%

Nei sögðu 66 eða 18%

Óvíst sögðu 34 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fyrsta Bond stúlkan heim-sótti Ísafjörð um helgina

Allir alvöru James Bond aðdáendur ættu að vita hver Eunice Gaysen er. Þeir hinir sömu hefðu átt að vera staddir á Ísafirði á laugardag en þá var hún stödd á Ísafirði, sjálf fyrsta Bond-gellan eða „The First Lady Of Bond“ sé vísað til sjálfsævisögu hennar. Eunice Gaysen var á ferðalagi með dóttur sinni á skemmtiferðaskipinu Marco Polo. Eunice er fædd á Englandi árið 1931. Hún lék í fyrstu tveimur Bond myndunum, Dr. No og From Russia With Love, þar sem hún var í hlutverki Sylvíu Trench, kærustu goðsins.

Hún er 82 ára gömul og virðist vera hina hressasta og óhætt er að segja þarna sé á ferðinni kjarnakona mikil. Hún lærði söng og dans og leiklist þegar hún var unglingur og fór fljótt að bera á henni í sjónvarpi. Stóra tjaldið heillaði og lék hún í fjölmörgum þekktum kvikmyndum en þekktust er hún fyrir að leika með



Eunice var stödd í Edinborgarhúsinu þegar Katrín Líný Jónsdóttir og K. Svava Einarsdóttir hittu hana. Mynd: Katrín Líný Jónsdóttir.

Sean Connery í James Bond, breska njósnaranum með ein-kennisnúmerið 007. Í fyrstu myndinni birtist hún fyrst í hinu fræga spilavítis atriði þar sem

hún gefur Bond færi á að kynna sig þegar hún segir „I admire your luck Mr...“, og 007 svarar „Bond, James Bond.“

– harpa@bb.is



Eigendur Smiðjunnar voru ánægðir með móttökur.

Yfir 100 manns mættu í opnunina

Yfir 100 manns mættu í verslunina Smiðjuna þegar hún var opnuð á Ísafirði um helgina. „Við buðum útgerðarmönnum og atvinnurekendum á föstudag og höfðum snittur og veitingar fyrir almenning klukkan 10 á laugardagsmorgunn. Það komu vel yfir hundrað manns á föstudag og það var einnig mjög góð mæting á laugardag,“ segir Steinþór Bragason, eigandi verslunarinnar ásamt Rúnari Erni Rafnssyni. Verslunin er við Sindragötu á Ísafirði þar sem Míla var áður til

húsa og selur verkfæri, varahluti, vinnufatnað og fleira.

„Salan var bara fín. Menn keyptu vinnufatnað, bónvörur og margir keyptu dætur og búnað í bátana. Það fór hellingur af krókum og sökkum sem eru á mjög góðu verði. Það fór líka þó nokkuð af vinnugöllum en menn hafa beðið lengi eftir þeim, þeir hafa ekki verið til sölu hérna í bænum. Svo var mok sala á Sikaflex, sem er kítta og við erum með það á 1200 kall. Menn hafa aldrei séð svona lágt verð svo það alveg

mokaðist út,“ segir Steinþór.

Hann segir framhaldið leggjast vel í sig og merkir mikla aukningu í þöntunarþjónustunni en þeir félagar redda öllu, að hans sögn, varahlutum sem fást ekki á landinu, vélum og girum, og það er nóg að gera hjá þeim. Eigendur Smiðjunnar eru eigendur Vélsmiðju Ísafjarðar og munu fyrirtækin vera rekin samhliða þannig að sem mest hagræðing náist í rekstri sem mun skila sér í góðu verði til viðskiptavina að sögn Rúnars Arnar.

ÞAÐ ER GAGN & GAMAN Í SKÓLADÓTINU OKKAR



A-4
REIKNINGSBÓK
/ STÍLABÓK
349.-



A-5
STÍLABÓK
299.-



FYLLT PENNAVESKI
FRÁ 2.699.-



JEVA
SKÓLATASKA, 15L / 18L
19.999.-



FLASKA,
NESTISBOX &
SUNDPOKI
FYLGA JEVA
TÖSKUNUM



Á TILBOÐI

SPIDERMAN
SKÓLATASKA

4.999.-



Á TILBOÐI

CHARMMYKITTY
SKÓLATASKA

4.999.-



SKILAÐU VÖNDUÐU VERKI
MEÐ VÖNDUÐUM VÖRUM

PENNINN

Eymundsson
Bóksaliðnir 1872

Penninn | Hafnarstræti 2, Ísafirði | 540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



Stefnir í enn eitt metárið

„Næsta sumar verður líklega enn eitt metárið í komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar. Eins og staðan er núna hafa 37 skip bókað komu sína en 36 skip koma hingað í sumar. Þá eykst farþegafjöldinn að minnsta

kosti um þrjú þúsund manns en í ár koma 40.000 farþegar,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar um skipakomur næsta sumar. Rétt er að taka fram að nokkur skip koma oftár en einu sinni til

Ísafjarðar yfir sumarið. Hafnarstjóri leggur land undir fót í september og sækir árlega kaupstefnu og ráðstefnu um siglingar skemmtiferðaskipa í Hamborg í Þýskalandi. Að sögn Guðmundar er um að ræða aðra

af tveimur árlegum ráðstefnum sem fulltrúi Ísafjarðarbæjar sækir og kynnir Ísafjarðarhöfn en hin er á Miami á Flórída í Bandaríkjunum. Fulltrúar Ísafjarðarhafnar hafa sótt ráðstefnuna í um áratug en það er

liður í erlendu markaðsstarfi hafnarinnar sem óhætt er að segja að hafi borið árangur en Ísafjarðarhöfn er þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferðaskipa.
– harpa@bb.is

Hefja áætlunarferðir milli Súðavíkur og Ísafjarðar á næstu vikum

„Við prófuðum að setja upp nýtt kerfi síðasta vetur, sem er nýlunda á Vestfjörðum, þ.e. að semja við verktaka um að halda uppi ferðum á milli Súðavíkur og Ísafjarðar þar sem ekki verður farið nema fólk hafi pantað ferðina. Þetta kemst næst því að hafa

reglulegar strætóferðir. Það hafa ekki margir nýtt sér ferðirnar og það er dýrt að halda þeim uppi með tóma bíla. Ég hef trú að það þetta kerfi komi til með að reynast vel en vissulega tekur tíma að byggja það upp og fá fólk til að læra á nýtt fyrirkomulag, að láta

vita þegar það ætlar að fara með bílnum með svona tveggja tíma fyrirvara,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, en áætlunarferðir milli staðanna hafa legið niðri í sumar.

„Samningurinn var í gildi fram á vorið. Þegar samningurinn rann út tókst Fjórðungssambandi Vestfjarða, sem sér um gerð samninga og þessa þjónustu fyrir hönd ríkisins, ekki að fá annan verktaka til að aka á milli í sumar. Menn eru önnur kafnir í ferðaþjónustu og gáfu sér ekki tíma í þetta enda er vissulega minna upp úr þessu að hafa en að aka

yfir ferðamannatímamann,“ segir Ómar Már.

Ómar Már býst við að Fjórðungssambandið auglýsi eftir verktaka mjög fljótlega og ferðirnar verði komnar í gang innan tveggja vikna. „Þetta er komið til að vera en það eru byrjunarörðugleikar hjá okkur. Ég fann það í sumar að fólk var farið að vera meðviðtað um þessa þjónustu og það var töluvert um símtöl út af þessu þetta í sumar. Það er eftirspurn eftir þessu,“ segir Ómar Már.

Það hefur ekki haft teljandi áhrif á atvinnulíf bæjarins þótt

ferðirnar hafi legið niðri í sumar, a.m.k. ekki hjá Melrakkasetrinu. „Renneríð hefur verið framar vonum þrátt fyrir að ekki séu ennþá almenningssamgöngur milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Við erum að spá í að kaupa rútu. Stundum þegar fólk húkkar sér far hingað endar það hérna sem sjálfbodaliði því það er svo gott að vera hérna. Ég tók einn upp í gær sem er ennþá hér og er að hjálpa til. Það er jafnvel erfiðarða að fara héðan en koma,“ segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Melrakkasetursins í Súðavík.
– hordur@bb.is



Til sölu er Engjavegur 25

Fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýli. Stærð 119m². Lækkað verð kr. 12,5 milljónir.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Vestfjarða, sími 456 3244, fax 456 4547, netfang: eignir@fsv.is - vefsíða: www.fsv.is.

Ágæt sveppauppskera í ár

„Sveppir byrjað að spretta um miðjan júlí en þetta fer að sjálf-sögðu allt eftir tíðarfari. Ég er búin að tína dálítið af sveppum. Það hefur verið full þurrt hér í Djúpinu en það er ágætis uppskera ef maður vill leggja sig eftir þessu, trítla um móa og mýrar og hálsa og hlíðar. Hér er mest um Kúalubba, Rauðhettu og

Kóngssvepp. Svo er aragrúi af Berserkjasveppum en við notum hann frekar lítið. Það er vitað mál að það er ofskynjunarefni í þeim,“ segir Ása Ketilsdóttir, á Laugalandi í Ísafjarðardjúpi.

Ása sker sveppina í mjög þunnar sneiðar og þurrkar við stofuhita í tvo til þrjá daga. Þá geymast þeir von og viti að hennar sögn og

notast vel í súpur og sósar. Einnig er hægt að borða þá eins og snakk. „Einnig finnst hér Móætissveppur og Túnætissveppur og Kantarella á einsaka stöðum sem eru varðveittir sem fjölskylduleyndarmál. Þar sem er trjárækt finnst Lerkisveppur og Furu-sveppur. Þeir leynast eflaust í Tunguskógi,“ segir Ása.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL FIMMTUDAGINN 15. ÁGÚST



1298
KR. KG



1998
KR. KG



1998
KR. KG

FROSID LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



1298
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FRONSAR LAMBA SIRLOIN LAMBASNEIÐAR



1598
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

FERSKUR GRÍSABÓGUR



Ali

698
KR. KG

NÝTT Í BÓNUS

Authentic Asia

AROMATIC CRISPY DUCK

A whole boneless crispy aromatic duck with 24 porcelains and hot sauce. Simply add spring onions and cucumber.



2998
KR. PK

FROSIN: **AROMATIC CRISPY ÖND**
BEINLAUS ELDADUR ASÍU ALIÖND & 24 VEFJUR.
ÞÚ BÆTIR Í VORLAUK OG GÚRKUSTRIMLUM!



898
12 RÚLLUR

NICKY
WC SALERNISPAPPÍR 12 RÚLLUR

3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9




298
360gr

PÓLSKAR PYLSUR 360gr



398
500gr

BÓNUS
KAFFI 500g



1398
KR. KG

KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
Með villtum Íslenskum kryddjurtum
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-ADALBLÁBERJALYNG-EINIR



498
90gr

SENSODYNE TANNKREM WHITENING
20% MEIRA MAGN: Nú 90gr



259
770gr

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g

VINSÆLUSTU
BRINGURNAR Í BÓNUS

Euroshopper frosnar
kjúklingabringur 900gr



1579
KR. 900g

NORÐANFISKUR
SJÓFRYST ÝSUFLÖK
RÖÐ OG BEINLAUS



1259
KR. KG



129
KR. 2 ltr.

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

Anton Helgi og Bjarney sigruðu sjávarútvegsmótaröðina

Sjávarútvegsmótaröðinni í golfi lauk um helgina en hún hefur staðið yfir í sumar á Vestfjörðum. Anton Helgi Guðjónsson (GÍ) og Bjarney Guðmundsdóttir (GÍ) sigrðu í karla- og kvennaflokki án forgjafar. Anton Helgi fékk 7.450 stig án forgjafar. Annar varð Janusz Pawel Duszak (GBO) með 6.897,5 stig og þriðji varð Chatchai Phothiya (GBO) með 6.452,5 stig. Stefán Óli Magnússon (GÍ) sigraði með forgjöf með 6.150 stig, annar varð Unnsteinn Sigurjónsson (GBO) með 4.847,5 stig og þriðji varð Óli Rafn Kristinsson (GÍ) með 4.682,5 stig.

Í kvennaflokki án forgjafar sigraði Bjarney Guðmundsdóttir (GÍ) með 7.082,5 stig, önnur varð Björg Sæmundsdóttir (GP) með 6.615 stig og þriðja varð Anna Guðrún Sigurðardóttir (GÍ) með 4.990 stig. Með forgjöf sigraði



Anton Helgi Guðjónsson.

Petrína Freyja Sigurðardóttir (GBO) með 5.880 stig, önnur varð Valdís Hrólfsdóttir (GBO) með 5.867,5 stig og þriðja varð Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir (GÍ) með 3.482,5 stig.

Kristinn Þórir Kristjánsson (GÍ) sigraði án forgjafar í öldungaflokki með 7.510 stig. Annar

varð Ingi Magnfredsson (GÍ) með 5.830 stig og þriðji varð Finnur Magnússon (GÍ) með 4.597,5 stig. Páll Guðmundsson (GBO) sigraði með forgjöf í öldungaflokki með 6.852,6 stig, annar varð Óli Reynir Ingimarsson (GÍ) með 5.702,5 stig og þriðji varð Tryggvi Guðmundsson (GÍ) með

4.495 stig.

Í unglingsflokki sigraði Jón Hjörtur Jóhannesson með 8.000 stig, annar varð Elías Ari Guðjónsson með 6.865 stig og þriðji varð Kjartan Óli Kristinsson með 6.220 stig. Þeir eru allir félagsmenn í Golfklúbbi Ísafjarðar og eiga framtíðuna fyrir sér.

Janus og Anna Ragnheiður sigruðu

Janusz Pawel Duszak, Golfklúbbi Bolungarvíkur og Anna Ragnheiður Grétarsdóttir, Golfklúbbi Ísafjarðar sigruðu á HG-mótinu í golfi sem fram fór á Tungudalsvelli á laugardag og sunnudag. Mótið var það síðasta í sjávarútvegsmótaröðinni sem leikin var í sumar. Janus fór holurnar 36 á 144 höggum, annar varð Anton Helgi Guðjónsson (GÍ) á 152 höggum og þriðji varð Óli Rafn Kristinsson (GÍ) á 156 höggum. Janusz sigraði einnig með forgjöf í karlaflokki á 136 höggum. Annar varð Páll Guðmundsson (GBO) á 140 höggum og þriðji varð Óli Rafn Kristinsson, einnig á 140 höggum.

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) sigraði án forgjafar í kvenna-

flokki á 165 höggum, önnur varð Bjarney Guðmundsdóttir (GÍ) á 190 höggum og þriðja varð Anna Guðrún Sigurðardóttir (GÍ) á 199 höggum. Anna Ragnheiður sigraði einnig með forgjöf á 149 höggum, önnur varð Anna Guðrún á 153 höggum og Bjarney varð þriðja á 154 höggum.

Jón Hjörtur Jóhannesson (GÍ) sigraði í unglingsflokki á 152 höggum. Annar varð Elías Ari Guðjónsson (GÍ) á 175 höggum og þriðji varð Kjartan Óli Kristinsson (GÍ) á 176 höggum. Gunnsteinn Jónsson (GÍ) fór holu í höggi á 7./16. braut á mótinu. Ríflega fimmtíu kyflingar tóku þátt í mótinu.



Gunnsteinn Jónsson.

Þrír fóru holu í höggi

Guðvarður Þórarinn Jakobsson (GBO) fór holu í höggi á 6. braut Tungudalsvallar, sem er 123 metra löng þar 3 hola, um verslunarmannahelgina. Hann notaði 8 járn og lenti boltinn á tungunni við sandgryfjuna og hoppaði einu sinni og rann ofan í holuna. Annar bolvískur kyflingur fór einnig holu í höggi um verslunarmannahelgina.

Þar var á ferðinni Böðvar Þórisson sem náði draumahögginu á 1. braut Arnarholtsvallar á Dalvík. brautin er 131 metri að lengd og þar 3. Böðvar notaði 5 járn við höggið og fékk að launum lambskrokk, heilsuskó og bikar sem gefin var fyrir 10 árum til handa þeim sem færi holu í höggi á vellinum. Böðvar var sá fyrsti til að fara í höggi á vellinum.

Eins og greint er frá hér til hliðar fór Gunnsteinn Jónsson (GÍ) holu í höggi á 7./16. braut á Tungudalsvelli á sunnudag.

RÚV, IPA, ESB og „sannleiksástin“

Nú verður vikið frá verslunarmannahelgi, umferðarslysum og hörmungarfréttum sem því tengjast. Um leið og þeim sem eiga um sárt að binda eru sendar samúðarkveðjur er minnt á að í umferðinni ber öllum að fara varlega. Liggur fólki svo mikið á að það sættir sig við að á endanum komist ekki allir heilir á leiðarenda og sumir komist aldrei á þann leiðarenda sem ætlað var? Aldrei er of brýnt að gefa sér tíma til að skoða þann veg sem fólk ætlar sér að fara og skipuleggja ferðina með það fyrir augum að ferðalangar komist heilir á leiðarenda. Án þess að nefna neitt um starfsmannafjölda Umferðarstofu heitinnar má velja því fyrir sér hvort fé sem fór þar til rekstrar hefði ekki betur verið varið til lögreglu og vísindalegra rannsókna á hegðun fólks í umferðinni. En það er önnur saga og bíður betri tími.

Ríkisútvarpið, sem sjálft vill ganga undir leyninafnu Rúv, hefur fjallað nokkuð um ESB, sem er stytting á heitinu Evrópusambandið, undanfarnir ár og engum eða í besta falli örfáum sem til þekkja, dylst að þar hefur verið fjallað um málið eins og mikill stuðningur af hálfu Rúv búi að baki. Fyrri ríkisstjórn sagði kjósendum sínum og hinum líka að rétt væri um það hvort Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið. Málið var sett fram líkt og verið væri að kanna hvað væri í stöðunni fyrir íslenska ríkið þegar viðræðum lyki. Flestir skildu þetta sem svo að rétt væri um það hverju íslenska ríkið fengi áorkað sér í hag, sem viki frá því sem aðildarríki hins góða sambands ella yrðu að undirgang-

ast. Sá stórkostlegi árangur hafði náðst í þessu ferli, sem vart verður kennt við samninga um eitt eða neitt, að ekki hefði komið til þess að leggja hefði þurst niður einkasölu íslenska ríkisins á tóbaki og áfengi. ÁTVR ætti komst á lífa áfram. Annað afar mikilvægt atriði mun hafa náðst fram. Það var að íslenska ríkið mundi ekki þurfa að taka upp sumartíma, líkt og önnur ríki í ESB. Það kom nú eiginlega af sjálfu sér. Á Íslandi er nefnilega sumartími allt árið um kring. Hvort það að hafa hér Greenwich „meðal tíminn“ hafi átt að duga okkur til þess að hafa hér eilíft sumar er ekki vitað. En hann hefði fengið að lifa.

Leynirúvið, sem ekki vill viðurkenna að vera kennt við ríkið, hefur fjallað mjög um IPA styrki sem ESB veitir þeim ríkjum sem sækja um aðild að því sama ESB. Fyrir hvað stendur þessi skammstöfun? Hún stendur fyrir Pre-Accession Assistance (IPA). Í lauslegri þýðingu yfir á íslenska tungu þýðir þetta fyrir aðildar styrkur. Honum er ætlað að auðvelda umsóknarríki að aðlagast regluverki ESB. Þegar ríkisstjórn íslenska lýðveldisins hefur tekið ákvörðun með réttu eða röngu, en í samræmi við það sem flokkar hennar boðuðu fyrir kosningar, er eðlilegt að ESB skrófi fyrir fjárstreymið. Helsti vandinn í þessu öllu saman er sá, að stefna ríkisstjórnar og Alþingis er óljós, að hætta við eða ekki, að vera eða vera ekki. Þess má til gamans geta að sé flett upp í alþjóðlegum orðabókum er ein þýðing accession, samningur sem gerður er að óvilja. Það er athyglisvert eins og gremja þeirra sem gráta styrkina.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í Bæjarins besta í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum Stakks á meðan hann notar dulnefni sitt.

Bláberjadagar í Súðavík

Blueberry Festival

helgin 16. - 18. ágúst 2013

www.blaberjadagar.com & [Facebook/blaberjadagar](https://www.facebook.com/blaberjadagar)



Föstudagur 16. ágúst

Þátttakendur mæta á svæðið, kynna sér dagskrána og fá sér berjakort (Melrakkasetur)
Allir fara í berjamó !!

Kvöldmatur:

18.00-19.00: Kvöldmatur að hætti viðkomandi veitingastaða: Heydalur, Melrakkasetur, Jón Indíafari, Amma Habbý.

Tónleikar

20.00 - 23.30: í Melrakkasetrinu
Boltinn@20:00, Pétur Markan@20:45, Perla Sig@21:30, Arnar Guðmunds@22:15, Friday Night Idols@23:00

21.00 - 00.30: á Ömmu Habbý
Trubador Denni@21:00, Bernhard Eder@21:45, Gummi Hjalta@22:30, Cavanaugh & Argus@23:15, Daniel Jón@24:00

21.00 - 02.30: á Jóni Indíafara
Halli Hólm@21:00, Drengjasveitin Engifer@21:45, Halli@22:30, Laufey & Wendy@23:15, Hörmung@23:45, Megakukl@00:45, Eggert & Michelle@01:45

BLÁBERJALESTIN KEYRIR Á MILLI frá 21.00 til 24.00

Laugardagur 17. ágúst

10.00: Bláberjahlaup Geisla: 21km, 10km og 3km Bláberjaskokk ☺

12.00: Fjallganga á Kofra með Barða ☺

■ Melrakkasetur:

Opnar kl. 9.00 - Uppkriftakeppni: skila réttum í keppnina fyrir kl. 15 !!

13.30 - 17.00: bláberjakökuát, fyllukeppni, stærsta berið, skrátnasta berið, andlitsmálun, listmálun, ofl...

■ Samkomuhús:

13.30 - 17.00: Flóamarkaður, listmunir og fleira til sýnis og sölu.

■ Raggagarður:

18.00 - 20.00: Verðlaunaafhending og sameiginlegt borðhald/grill. Allir koma með mat í púkkið eða fyrir sig ☺

21.00 - 22.30: Varðeldur og brekkusöngur fyrir neðan skólann ☺

23.30 - 03.00: Dansleikur með Halla og Þórunni í Samkomuhúsinu ☺

Sunnudagur 18. ágúst

9.00 – 17.00: Morgunverður og síðan **Bláberjapönnur** í Melrakkasetri. Muurikka pannan verður á pallinum. Upplýsingar, skeyti og vinakveður.

13.00 – 17.00: Handverk, flóamarkaður og listmunir í Melrakkasetrinu.

Allir fara í berjamó !!

Raggagarður er opinn allan daginn

15.00: Bláberjamessa að Eyri í Seyðisfirði – tékkið á sætaferðum. Það má alveg vera berjablár, kannski er presturinn það líka ☺



Við þökkum stuðninginn:

Tígur ehf, Jón Indíafari, Powerade, Samkaup, Melrakkasetur Íslands, Craftsport, Amma Habbý, Dekurhúsið, Landflutningar, Hamraborg, Bræðraborg, Umf. Geisli, Bjsv. Kofri, Iceland Tour Guy, Gamla bakarið, Ölgerðin, Súðavíkurhreppur, Íbúar Súðavíkurhrepps, Berjavínir, Konráð Pálmason, tónlistarmenn hátíðarinnar, o.fl



Styrktarmót Pim og Inga

Golfararnir Pimonlask Rodpi-tak og Ingi Magnfreðsson á Ísa-firði hafa ákveðið að efna til golf-móts á Tungudalsvelli til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands, laug-ardaginn 24. ágúst. Öllum er velkomnið að taka þátt í mótinu. Ekkert mótsgjald verður inn-heimt, heldur verður tekið á móti frjálsum framlögum til styrktar málefniinu. Pimonlask og Ingi gefa verðlaun.

smáar

Til leigu er björt, glæsileg 118m² íbúð með fallegu sjávarútsýni í Garðabæ. Leigist með húsgögnum og tækjum frá 1. sept. 2013 til 1. júní 2014. Engin gæsludýr. Uppl. í síma 863 4449.

Óska eftir að fá gefins páfagauk (karlfugl) Uppl. í síma 847 9197.

Tekað mér flutningsþríf í heima-húsum. Uppl. gefur María í síma 866 6387.

Til leigu er herbergi með eld-hús og hreinlætisaðstöðu og stúdíóíbúð. Leigist frá 20. ágúst. Uppl. í síma 848 0938.

Til leigu er rúmgóð, 76m², og mikið endurnýjuð 2ja herb. íbúð í Fjarðarstræti í vetur. Eitthvað af húsgögnum fylgir. Eingöngu ábyrgt og reglusamt fólk kemur til greina. Reyklaus íbúð. Uppl. í síma 867 6657 eða á netfanginu gurryat7@simnet.is.

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Núna er ég að leysa af hjá Íslandspósti og svo er ég á kafi í félags og íþróttastarfi.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Hmmm... erfitt að lýsa sjálfum sér, en ég vona að ég sé heiðarlegur, traustur, umhyggjusamur og jákvæður.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Fer út að labba. Breytti því fyrir nokkru að fara aldrei að sofa reiður og pirraður og vakna að morgni með bros á vör og segja „ef ekki ég, hver þá“

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Gallabuxum og bol. Þoli illa spariföt og annað stúss ;)

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Þetta er svakalega djúp spurning og erfið og svarið er ekki eins djúpt. En ég hef lært að sjá ekki eftir neinu sem þú getur ekki breytt og vera frekar í að læra af fortíðinni. Lífið er og stutt í að búa til lista yfir það sem maðurinn hefur séð eftir að hafa gert, eða ekki gert.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Það var þegar ég lenti á góðu spjalli með Viggo Mortensen þegar ég vann á Fernando's hér um árið og eld-aði fyrir drenginn flottan steinbít sem hann var sáttur með og átti svo með honum mjög góða stund. Og svona til að toppa daginn spurði hann mig hvað uppáhalds myndin sem hann hefur leikið í að mínu mati og ég svaraði ekki „Lord of the rings“, heldur „Eastern promises“ og hann var sáttur við það svar.

Hefurðu komplexa?

Ég var með „komplexa“ yfir sjálfum mér og aldrei sáttur. Reyndi allt til að breyta mér, en núna er ég nokkuð sáttur. Ég fór í mikla sjálfskönnun og komst að því að ég er hvorki betri eða verri en næsti maður. Ég hef fullt af göllum og vinn í því að bæta þá.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Þetta er virkilega ósanngjörn spurning fyrir svona bíófíkil. Ég elska kvikmyndir, en þær sem sitja mest í mér eru fimm. „The ninth configuration“ (1980). „Little big man“ (1970). „One flew over the cuckoo's nest“ (1975). „lavite é bella“ (1997) og „Shichinin no samurai“ (1954)

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Ætli ég sé ekki þessi væmna týpa, en skammast mín ekkert fyrir það.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Neikvæðni og slúður!

Hefur þú gert uppreisn?

Já það hef ég gert og geri það daglega. Núna bara gegn sjálfum mér.

Hver er eftirlætis bókin þín?

Skammast mín fyrir að lesa ekki nógu mikið, en allar bækur Stephen King frá því í den og svo „The kite runner“ (Flugdrekaflauparinn)

Vestfirðir vikunnar

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já svo sannarlega ;)

Hvernig bregstu við höfnun?

Illu enda keppnismaður.

Hver er þín versta martröð?

Að missa ættingja og vini of snemma frá mér.

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að gera betur en í gær og gefa af mér hvern einasta dag. Það kostar ekkert nema „nennu“

Hvencær og hvar ertu hamingjusamastur?

Hvern dag með börnum og barnabörnum!

Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

„You must be the change you wish to see in the world“ -Ghandi.

Hvaða fræga persónu mundir þú vilja vera og af hverju?

Ef það væri persóna sem er farinn yfir móðuna miklu þá segi ég Ghandi til að fá innsýn í hvernig honum tókst að vera alltaf jákvæður þrátt fyrir mótlæti og að sama skapi Nelson Mandela og af sömu ástæðu.

Hvar er fallegast á Vestfjörðum að þínu mati?

Þetta er enn ein spurningin sem er ósanngjörn. En ef ég er þíndur þá segi ég Hestfjörður og, og, og....

Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Hrísey og Eyjafjörður.

Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Machu Picchu í Perú.

Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfjarða?

Já ég er það, en það mun kosta hvern einasta mann að segja og meina „ef ekki ég hver þá“

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Fleir störf fyrir krakkana okkar þegar háskólanámi lýkur!

Sælkerar vikunnar eru Kristín Greta Bjarnadóttir og Jón Guðni Pálmason

Hreindýrabollur og jarðaberjakaka

Hreindýrabollur með gráðosti og rifsberjahlaupi (fyrir 4)

700 g hreindýrahakk
1 egg
2 msk hveiti
1 tsk salt
½ tsk pipar
8 tsk gráðostur
8 tsk rifsberjahlaup
Olía
Setjið hakk, egg, hveiti, salt og pipar í skál og blandið vel saman. Mótið 8 bollur úr hakkinu. Stingið þumal fingri í bollurnar og myndið holur. Fyllið holurnar með gráðosti og rifsberjahlaupi og lokið fyrir með hakki. Steikið í olíu í 2 mínútur á hvorri hlið

Gráðostasósa

4 dl vatn
1 msk rifsberjahlaup
1-2 tsk gráðostur
1 msk Villibráðakraftur
½ dl rjómi
Sósujafnari
Salt og nýmalaður pipar
Hellið vatni á pönnuna sem bollurnar voru steiktar uppúr. Bætið síðan út í gráðosti og villibráðakrafti og sjóðið við vægan hita í 10 mínútur. Bætið rjóma á pönnuna og þykkið með sósujafnara. Smakkið til með salti og pipar. Gott er að bera fram bollurnar með grænmeti og kartöflumús

Jarðaberjakaka

1 pakki LU kanilkeks
2 msk smjör
1 pakki Royal vanillubúðingur
1 peli rjómi
Vanilludropar
Börkur af 1 límónu
2 msk hráskyur
Jarðaber
Myljið Lu kexkökurnar smátt og bætið síðan brædda smjörinu saman við. Prýstið kexblöndunnií botninn og upp með köntunum. Lagið búðinginn eftir leiðbeiningunum á pakkanum nema notið aðeins helminginn af mjólkinni sem gefin er upp. Léttþeytið rjómann og bætið út í búðinginn og bragðbætið með vanilludropum. Setjið blönduna ofan á kexbötninn. Raðið jarðaberjum



yfir. Merjið límónubörkur og perluskyur saman og stráðið yfir jarðarberin. Kakan er best ef hún er gerð deginum áður.

Við viljum skora á Guðbjörgu Ebbu Högnadóttur og Einar Ása Guðmundsson til að koma með uppskriftir í næsta blað.

Þingur mar



Nafn:
Guðjón Már Þorsteinsson
(Ávallt kallaður Gauri)
Aldur: 52
Aðvinna:
Íhlaupamaður og afi
Stjörnumerki:
Að sjálfsögðu hreykinn hrútur!
Maki:
Björg Bryndís Jónsdóttir
Börn:
Kristín Hulda, Thelma Björk og
Gautur Arnar og svo flest allir
krakkar hér heima.

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem
þú fékkst í símann þinn?
„takk fyrir frábæra útsendingu í gær-
kvöldi“

TIL ÍBÚA Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

BOLUNGARVÍK, ÞINGEYRI OG DÝRAFIRÐI

RÚV hefur nú hafið stafrænar útsendingar.
Við það aukast myndgæðin til muna.

Samhliða uppbyggingu nýja kerfisins verður eldra dreifikerfi RÚV
lagt niður í áföngum enda er það tæknilega úrelt.

**1. SEPTEMBER 2013 VERÐUR ÚTSENDINGUM UM GAMLA DREIFIKERFIÐ
HÆTT Á ÞESSUM STÖÐUM.**



Þú gætir þurft að gera ráðstafanir fyrir þann tíma.

Ef sjónvarpið þitt er tengt við myndlykil nærð þú stafrænni útsendingu án fyrirhafnar.
Ef þú ert ekki með myndlykil og notar loftnet, er ítarlegri upplýsingar að finna á eftirtöldum heimasíðum:
ruv.is/staфраent | vodafone.is/sjonvarp/ruv | sart.is (samtök rafverktaka)

**Að sjálfsögðu verður dagskrá RÚV eftir
sem áður opin öllum landsmönnum!**



Upplýsingar eru einnig veitar í þjónustuveri Vodafone í síma 1414, auk þess sem
rafvirkjar og rafeindavirkjar geta veitt allar upplýsingar er varða loftnetsmál.



Tónlistarmaður og lífs- kúnnstner á Vestfjörðum

Eggert Einer Nielson er Vestur-Íslendingur sem fæddist í Reykjavík árið 1957. Hann flutti til Ameríku sjö árum síðar en móðir hans var íslensk og faðir hans danskur. Hann er kvæntur Michelle Lyn Nielson. Saman eiga þau soninn Eggert Thomas Nielson sem er sextán ára gamall og fyrir átta Michelle dótturina Briana Lyn Russell sem er 23ja ára gömul. Þau eru nýflutt til Ísafjarðar en bjuggu áður í Súðavík þar sem þau hafa leigt út hús til ferðamanna á sumrin en kennt og leikið tónlist á veturna.

„Mamma var flugfreyja hjá Flugfélagi Íslands og pabbi verkfræðingur sem vann til skiptis í Keflavík og Thule á Grænlandi. Hann fékk vinnu í Ameríku við að sjá um vegi,

garða og annað slíkt. Við áttum landslagshönnunar-fyrirtæki sem sá einnig um landmótun og á veturna hreinsuðum við snjó af vegum fyrir Virginina Department of Highways and Transportation,” segir Eggert.

Hann hitti Michelle eigin konu sína fyrir 20 árum þegar hún var að leika á gítar og syngja með systur sinni, Lori Kelley, en þær eru báðar söngkonur og sálmaskáld. Eggert spilaði þá með hljómsveitinni The Lost Dogs og var að semja og syngja líka. Það var ást um leið og þau hittumst.

Ameríka

„Við Michelle störfuðum við að kaupa og gera við gamlar fasteignir og vorum með fjárfestingahóp, ásamt for-eldrum mínum, sem leigði fasteignir til fyrirtækja og ferðamanna. Síðustu árin hef ég heimsótt Ameríku sem gestur til að taka þátt í Íslendingadögum í Virginíu og kenna þeim um Ísland og segja þeim meira um Vestfirði og fá fólk til að koma hingað. Michelle er ljósmyndari og sýnir frábærar myndir svo fólk geti séð þessa miklu fegurð herna. Okkur hefur alltaf fundist raunverulega fegurðin vera í fólkinu, landið er stórkostlegt en það er í raun fólkið sem er svona sérstakt,” segir Eggert.

„Við fórum með Megakulki og Gumma Hjalta til Ameríku í fyrri, sem var mjög gaman. Við spiluðum á nokkrum tónleikum og það gekk vel. Ef maður vill eitthvað í Ameríku eru verslanir það stórar að maður fer bara og sækir það. Hér er ekki alltaf allt til, hér lærir maður að nota það sem er til og meta það. Þetta er eins og reality check, að maður getur ekki alltaf fengið allt sem maður vill eða þarf að vera polinmóður, hugsa fram í tímann og taka tíma til að ná því. Maður lærir að sætta sig við það. Í Ameríku fær maður allt sem maður vill strax,” segir Eggert.

Honum þykir lífið raunverulegra hér á Vestfjörðum en í Ameríku þar sem einstaklingur hverfur í milljón manna borg. „Hér tengist maður

fólkinu meira. Ein kona var stöðvuð í skóla sonar míns í Ameríku því hún var með byssu í veskinu sínu. Þar hefði hann verið einn af 420 nemendum í áttunda bekk.“

Ísland heillaði alltaf

„Ég kom til Íslands á hverju ári þegar ég var yngri, við amma vorum mjög náin og ég kom alltaf í afmælið hennar í október. Hún bjó á Nesvegi 67 í Reykjavík en afi byggði það hús árið 1950. Við komum fyrst til Vestfjarða í brúðkaupsafmælisferð fyrir sjö árum en okkur var sagt að koma hingað því hér væri svo fallegt. Við gistum í Hlíð í Súðavík, sem við eigum núna, en við urðum ástfangin af fólkinu og lífsháttum hér. Þegar kreppan skall á þurfti ég að ákveða hvort ég ætlaði að búa hér eða í Ameríku, gat ekki verið á báðum stöðum, og ákvað að vera hér, þar sem rætur mínar liggja, og lifa á þennan hátt,” segir Eggert.

Hann er ekki að plana að fara til baka. Móðir hans sagði honum að jafnvel þótt líkaminn væri í Ameríku væri hjarta hans og hugur alltaf á Íslandi og hann hlakkaði alltaf til að koma aftur.

„Amma var ein í 52 ár svo hún kunni að sá um sig sjálf, afi dó 1952, hún árið 2004. Það var alltaf svo erfitt að yfirgefa hana, ég fór að gráta á planinu því ég vissi að það var heilt ár í að ég sæi hana aftur.

Þegar ég ólst upp lét mamma mig alltaf fara með nestisbox í skólann. Við áttum ekki mikinn pening til að borga fyrir matinn í skólanum og fengum aldrei nammi í búðinni. Í nestistímanum komu strákarnir alltaf og spurðu mig hvað ég væri með í nesti. Þeir vildu skipta við mig á sælgætinu og kökunni.

Mamma lærði að baka af mömmu sinni og gerði alltaf handa mér eitthvað gott. Ég tapaði ekki á því, mamma bakaði alltaf fleiri en eina köku, oftast þrjár. Hún var alltaf að baka og var hefðbundin íslensk kona með bakstur, eldamennsku og þrjónaskap. Hún málaði gluggana hvort sem það

þurfti að mála þá eða ekki. Ég var alltaf handlaginn og hjálpaði henni við það sem ég gat.“

Eitt það mikilvægasta sem Eggert og fjölskylda hans gerðu þegar þau yfirgáfu Ameríku var að hafa Eggert yngri með í umræðunni því þetta var mikið mál fyrir hann, að yfirgefa vini sína og skólann sinn til að flytja til Íslands.

Heimili á Vestfjörðum

„Mér finnst ég eiga heima herna. Að vakna hér og horfa í kringum mig nær mér á hverjum degi á jákvæðan hátt, lætur mér líða vel jafnvel þótt veðrið sé slæmt. Þetta er Ísland, það var ekki alltaf gott veður þegar ég heimsótti ömmu. Við fengum líka snjó í Virginíu. Það sem ég kann að meta hvað mest er að það er meiri friður í hjartanu herna, minni streita. Það tekur 15 mínútur að keyra milli Súðavíkur og Ísa-

fjarðar. Í Ameríku tæki það 45 mínútur upp í klukkustund vegna umferðar. Þar er fólk stressað og reitt og rífst í vegkantinum,” segir Eggert.

Þau Michelle eru lið, gera allt saman. Þau meta og treysta áliti hvors annars og þess vegna hefur þeim alltaf gengið vel saman. Hún vinnur fyrir Vesturferðir og Eggert sonur þeirra syngur með hljómsveitinni Boltanum í Súðavík sem semur sín eigin lög. „Þau leika fyrir ferðamenn í Súðavíkurkirkju og ferðamennirnir elska það. Þau eru bara 9-11 ára gömul en hafa sjálfstraust meistara. Michelle var spurð hvort hún vissi um einhvern sem gæti sungið á íslensku fyrir ferðamenn og benti á mig. Ég syng ekki á íslensku ennþá fyrir utan það sem ég sem.

15 - 20 AGÚST
★ Ísafjarðarbið ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

DENZEL WASHINGTON MARK WAHLBERG
2GUNS
VIRKJING EFTIR BALTASAR KORMÁK
14

NYJA MYNDIN HANS BALTASAR KORMÁKS
SEM FÓR BEINT Á TOPPINN Í U.S.A.

FIMMTUDAG 15. AGÚST KL 8
FÖSTUDAG 16. AGÚST KL 8
LAUGARDAG 17. AGÚST KL 8

STRUMPKAN 2
FRUMSYND 31. JÚLÍ
SUNNUDAG 18. AGÚST KL 3 Í 2D

DRUG DEALER VIRGIN
STRIPPER
WE'RE THE MILLERS
IF ANYONE ASKS...
NY GAMANMYND SEM GERDI GLIMRANDI
LUKKU OG ADSÖKN Í U.S.A Á HELGINNI.
SUNNUDAG 18. AGÚST KL 8
MÁNUDAG 19. AGÚST KL 8
ÞRIÐJUDAG 20. AGÚST KL 8



Ég trúði því að krakkarnir væru með eitthvað sérstakt og það virtist ganga upp. Þau hafa samið lög eins og Viltu dansa og Rokksnjóvindur. Ég býst við að það megi kalla þetta popptónlist," segir Eggert.

„Við erum nýlega flutt frá Súðavík til Ísafjarðar svo auðveldara væri fyrir Eggert að sækja skóla. Við vorum að leita að nægilega stóru húsi til að rúma húsgögnin okkar og tónlistargræjurnar og fundum Gúttó sem við fluttum inn í þann 15. júní," segir Eggert.

Tónlistin

„Ég kenni tónlist og gítarleik í grunnskólanum í Súðavík ásamt því að troða sjálfur upp. Ég spila með Gumma Hjaltta og Megakukli þar sem Elfar Logi er söngvari, einnig spila ég með Crazy Horse. Það sem ég spila kallast víst country en þetta er meira tónlist eins og Bítarnir, Eagles og Neil Young leika," segir Eggert, sem er að útbúa stúdíó í fiskhjálli á Langeyri, rétt við sjóinn. Hann ætlar að taka upp tónlist í Gúttó ásamt Michelle og halda heimatónleika sem eru nánari og nær hlustandanum en á skemmtistað eða bar, að hans sögn, og kenna þar á

hljóðfæri.

Tónlistin kemur frá sálinni, að sögn Eggerts, en móðir hans lék á gítar og var í hljómsveitinni Evening Stars á sjötta áratugnum. Hún söng með systur sinni og tveimur öðrum í Reykjavík en tónlist þeirra hljómaði í útvarpi landsmanna og hún kenndi Eggert fyrstu gripin á gítarinn. Hún lést fyrir um tveimur mánuðum. Sonur Eggerts, Eggert Thomas, hefur einnig erfitt tónlistina en hann leikur á gítar, píanó og bassa.

„Hann spilar frá hjartanu og ég veit að tónlistin hans er sérstök, hann er ekki vélrænn í sinni tónlistarsköpun. Hann hefur verið svona frá því hann var lítil drengur. Hann lék gjarnan á píanóið áður en hann fór í skólann á morgnana og hefur alltaf samið sína eigin tónlist," segir Eggert, sem er með slagorð í lífinu, *þú verður að koma og snerta til að skilja*, en það á vel við þegar hann semur gripandi lag sem nær athygli fólks.

Bláberjadagar

„Ég bjó Bláberjadaga til fyrir þremur árum síðan. Undanfarnin 20 ár hef ég spilað á uppskeruhátíðum í Virginíu.

Þar var uppskeran epli, gras-ker og jarðarber. Það var enginn að gera neitt við bláberin í Súðavík, sem eru svo góð og mikið af þeim. Ég sá um hátíðir áður en ég kom til Íslands og fannst ég geta gert þetta hér til að vekja athygli á bláberjum og hjálpa tónlistarmönnum. Það er ekkert betra en tengslin milli tónlistarmanna, hvernig þeir styðja hver annan og hjálpast að. Það er aldrei að vita hvaða galdrar koma í ljós þegar menn spila saman," segir Eggert.

Fjöldi fólks kemur á Bláberjadaga í Súðavík og hingað til hefur heppnin verið með í för og nóg verið af berjum. Eggert var þó ekki ókunnugur berjamó áður en hann kom til Súðavíkur. „Sumar af mínum bestu minningum eru að vera með fjölskyldunni í sveitinni og allir eru að tína ber með bláar tennur og bláir í kringum munninn. Þetta var alvarlegt mál fyrir konurnar sem þurftu berin til að gera sultu, svo þær voru þarna með tilgang. En fyrir okkur krakkana snerist þetta bara um að hafa smá fjör.“

– hordur@bb.is

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTHU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðþjónusta
Smurþjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

BLÁPOKINN

Fyrir sameigin-
legan úrgang

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Boltinn í beinni...

Laugardagur 17. ágúst

kl. 11:35 Liverpool - Stoke
kl. 14:00 Norwich - Everton
kl. 14:00 Sunderland - Fulham
kl. 14:00 Arsenal Aston Villa
kl. 14:00 West Ham - Cardiff
kl. 14:00 WBA - Southampton
kl. 16:15 Swansea - Man. Utd.

Sunnudagur 18. ágúst

kl. 12:20 Crystal P. - Tottenham
kl. 14:50 Chelsea - Hull

Mánudagur 19. ágúst

kl. 18:50 Man. City - Newcastle

Dagar Íslands

15. ágúst 1933: Flugkappinn Charles Lindbergh kom til Reykjavíkur frá Grænlandi ásamt konu sinni, Anne Morrow. Þau flugur norður og austur um land og fóru frá Eskifirði til Færeyja, 23. ágúst. Lindbergh flaug fyrstu manna án millilendinga yfir Atlantshafið í maí 1927.

16. ágúst 1941: Winston Churchill forsætisráðherra Breta kom til Reykjavíkur af fundi með Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseta á herskipi undan ströndum Nýfundnalands. Heimsókn Churchills vakti mikla athygli, enda var hann þá orðinn persónugervingur baráttu hins frjálsa heims.

17. ágúst 1980: Heklugos hófst. Það stóð í fáa daga. Annað stutt gos hófst 9. apríl 1981 og er það talið framhald af þessu gosi.

18. ágúst 1992: Lögreglu maður slasaðist alvarlega þegar maður sem grunaður var um fíkniefnasölu lenti í árekstri við lögreglubifreið í Mosfellsbæ. Í bíl hins grunaða fundust 1,2 kg af kokaíni sem var langmesta magn þess efnis sem lagt hafði verið hald á héraendis.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestlæg átt, 3-8 m/s og skúrir sunnanlands, en annars norðlæ加里 og rigning. Hiti 7-16 stig.

Horfur á laugardag:

Hæg norðlæg átt og dálítil væta, en þjart með köflum vestanlands. Hiti 6-15 stig.

Horfur á sunnudag:

Breytilegar áttir, skýjað með köflum og smáskúrir en milt veður um land allt.



	Jón Steingr.	Vís Haft		Hríð Sömu	Samhlj.		Dútl Tónn	☹
→								↘
Hátíð					Sérhlj. Maður		Ísl.st. Dreitill	
Hljóta				✓				
Stoðina								
Tala		Fas	Rán Aumur					
Ótti			1000					
↓					Upphr. Dauðvona Villtur		Samst. Hrekkir	
Leit			Fljótur Skel		Óværa Orms		Samhlj. Ísl.st.	
Skaði	→				Róaði Átt			
Norninni	↓							
→						Eink.st. Spéfugl	Eink.st. Liðormur	
Helst					Kostir			↓
Tamning					Ísl.st.			
→			Æfir Bæn				Samst. Tala	
Samhlj.		Utan			Snilld			
Fölna		Svelgur			Óféti			
→					Hitatæki Tónn	✓	Tónn Sálir	
Skel				Sker				Samhlj.
Stétt Maður				Lána				Illæri
→								
Einn		Spík			Tónn		Spott	
Eðli		Einn			Tala		Samhlj.	
→			Utan Hysknari					

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)





				Jón Steingr.	S		S					M
					T	A	N	G	Ó	R	A	
					Ó	L	E	I	K	U	R	
					R	I	F	S		N	R	
	↓				A	L		S	I	G	N	A
R	É	T	T	L	Æ	T	I	N	G			R
	G	R	E	T	T	A	N			R	Ó	
	↓	A	N		I	M			R	Ú	M	A
	M	U	N	A		P	A	S	T	U	R	
N	Æ	Ð	I	N	G	U	R			A	R	I
	L		S	N	A	R	A	N			M	N
	I	E		I	L		N	U	F	A	N	
	↓	M	E	R	L	A	A	R	O	N		
	M	Ú	R		A	L		G	R	A	F	
T	E		Ú	F		S	L	E	N			L
Á	Ð	Æ	Ð	R	A		Á	M	U	N	A	
	↺	S	T	Í	F	R	I	↻	M	Á	S	

„Sala á nýjum bílum gengur ljómandi vel a.m.k. miðað við tvö síðustu ár. Ég er því mjög sáttur við söluna. Það eru ekki einungis fyrirtæki og bílaleigur sem eru að kaupa nýja bíla, það hefur orðið ákveðin breyting því almennt er fólk farið að velta bíla-kaupum meira fyrir sér,“ segir Bergmann Ólafsson hjá Bíla-tanga ehf., á Ísafirði. Hann segir að árgerðir 2009 og 2010 vanti alveg inn á markaðinn.

„Það er ákveðinn hópur fólks sem kaupir bíla á um það bil

fimm ára fresti og er að leita að tveggja til þriggja ára bílum. Það er lítið sem ekkert hægt að þjónusta þann hóp, því það virðist sem svo að það hafa einungis verið bílaleigurnar sem keyptu nýja bíla á þessum árum. Í notuðum bílum hefur því nánast engin hreyfing verið. Einn og einn bíll selst og er það alveg í takt við aðra landshluta. Þó er júlí aðeins líflegri árhvert. Ég verð til dæmis var við að fólk er að skipta um bíla áður en það fer í ferðalög,“ segir Bergmann.

Hafsteinn Vilhjálmsson hjá HV umboðsverslun á Ísafirði segir söluna hjá sér hafa gengið rólega. Bæði í nýjum og notuðum bílum. HV selur bíla frá Heklu og notaða bíla frá Bílapingi Heklu. „Ég hefði viljað sjá meiri umferð hér í sumar. Fólk virðist þó vera mikið að skoða og prófa, meira en áður en það kaupir lítið nema eitthvað hefur verið að fara af notuðum bílum, svona ódýrari týpum. Áhuginn er til staðar en fólk er enn trekt, það vill vita hvað er framundan,“ segir Hafsteinn



Enginn getur allt en allir geta eitthvað

Henry Bæringsson, íbúi á Ísa-firði, fékk leyfi frá Ísafjarðarbæ til að taka 512m² svæði gegnt heimili sínu við Fjarðarstræti 39, í fóstur. Sagði Henry svæðið ekki hafa verið notað né hirt uns hann fór að hreinsa af því rusl, slá njóla og smíða borð og bekki sem hann

kom fyrir á svæðinu. Nú er svo komið að svæðið er farið að trekkja að, jafnt ferðamenn sem heimamenn.

Róður og belgir hanga niður úr rekavið og ungir sem aldnir sveifla sér þar með mikilli gleði. Allt þetta bauðst Henry til að sjá

um, framkvæmdir, slátt og um-hirðu, á eigin kostnað. Óhætt er að segja að þetta sé frábært dæmi um hve miklu einstaklingsfram-takið getur áorkað og veitt sam-félaginu gleði. Það er líklega satt það sem sagt er, enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Sudoku þrautir

2				3	1		9	5
1				7				6
							1	3
	7			2	9			
	8						5	
			7	6			8	
	6	1						
9				4				8
7	2		1	5				3

		7		8			1	3
	9			6	7			
		3	4					
		8					6	7
	6			1			9	
7	5					8		
					6	5		
			8	5			4	
5	4			7		9		

AFGREIÐSLUSTJÓRI EIMSKIPS FLYTJANDA Á ÍSAFIRÐI

Eimskip leitar að öflugum einstaklingi sem hefur gildi fyrirtækisins; árangur, samstarf og traust að leiðarljósi. Afgreiðslustjóri Eimskips á Ísafirði er ábyrgur fyrir þjónustu við viðskiptavinum og heyrir undir svæðisstjóra Eimskips á Vestfjörðum.

ÁBYRGÐARSVIÐ OG HELSTU VERKEFNI:

- Daglegur rekstur afgreiðslu
- Dagleg samskipti við viðskiptavinum
- Lestun / losun bíla
- Verktjórn í vöruhúsi

HÆFNISKRÖFUR:

- Þjónustuvillji, drifkraftur og frumkvæði
- Góð mannleg samskipti
- Góð hæfni til að skipuleggja og vinna undir álagi
- Vinnuvélaréttindi (K-réttindi)
- Meirapróf æskilegt
- Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hafþór Halldórsson, svæðisstjóri Eimskips á Vestfjörðum, í síma: 525 7891 og 825 7081 eða á hrh@eimskip.is

Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is og hvetjum við áhugasama til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 23. ágúst 2013. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

YFIR HAFIÐ OG HEIM

ÁVÍSUN Á LÆGRA VERÐ Í HÚSASMÍÐJUNNI



HANDBÓK HÚSASMÍÐJUNNAR
er komin heim til þín
3.000 kr ávísun fylgir á bakhlið.
Ávísun gildir sem innborgun í Húsasmíðjunni og
Blómavali þegar verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira.

blómaval


HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956